Ed. **436. Álit**

um frv. til laga um einkasölu á saltfiski.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað í máli þessu; vill meiri hluti fella frv., af þeim ástæðum, að hann er andvígur stefnu þeirri, er kemur fram í frumvarpinu. Tillaga minni hlutans er hinsvegar sú, að frv. verði samþykt óbreytt, enda hafa eigi komið fram neinar aðfinningar við orðalag þess; en minni hlutinn er þó fús til þess að fallast á breytingu á orðalaginu, ef aðalefni frv., einkasala ríkisins, stendur óhaggað.

Alþingi, 26. apríl 1927.

Jón Baldvinsson.